


Mannvit hf.
Böðvar Bjarnason
Grensásvegi 1
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. janúar 2009
Tilvísun: UST20080800005/ksj

Drög að aðalskipulagi Aðaldælahrepps

Vísað er til erindis Mannvit verkfræðistofu er barst 1. ágúst og 2. október þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að aðalskipulagi Aðaldælahrepps 2008 - 2028. Erindinu fylgja greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og uppdrættir.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið.

Umhverfisáhrif á ásýnd svæða

Í umfjöllun um áhrif framkvæmda við nýtingu hárita kemur fram að áhrifin eru talin geta orðið jákvæð vegna atvinnusköpunar og betra aðgengis að útvistarsvæðum en einnig kemur fram að: „*Neikvæð áhrif geta orðið vegna ásýndarbreytinga náttúru svæðisins og þar með upplifun ferðamanna.*“ Umhverfisstofnun telur að þarna gæti ósamræmis þar sem talað er um jákvæð áhrif á atvinnusköpun um leið og niðurstaðan er neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna en umferð ferðamanna er mikil um sveitarfélagið.

Náttúruvernd, friðun o.fl.

Í umfjöllun um náttúruvernd er m. a. listi yfir svæði á náttúruminjaskrá. Á listanum er svæði nr. 525 en í skránni segir: „*Gervigigar við Knútsstaði í Aðaldal, Gervigigar vestan Laxár í Aðaldalshrauni. Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra.*“ Svæðið er því á náttúruminjaskrá vegna jarðmyndana er njóta sérstakrar verndar samanber 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Einnig er 200 metra belti beggja vegna meðfram Laxá á svæðinu. **Mývatn og Laxá**, S-Þingeyjarsýslu, sem er verndað af sérstökum lögum sem votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi (Ramsar). Þar sem að gert er ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð inni á ofangreindu svæði vill Umhverfisstofnun benda á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er: „*Öll ræktun útlendra tegunda óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.*“ Komið er inn á þessi atriði í kafla um skógrækt á landbúnaðarsvæði, en Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á þetta atriði í umfjöllun um náttúruvernd þar sem að hafin er ræktun furu- og lerkitrjáa á svæði sem er innan þessara marka, norðan við Knútsstaði, enda kemur fram að Knútsstaðir eru þátttakendur í Norðurlandsskógum.

Skógrækt

Umhverfisstofnun bendir á að vegna sérstöðu verndarsvæða í sveitarféluginu væri ástæða til að sýna skógræktarsvæði á korti.

Efnistökusvæði

Í samantekt umhverfisskýrslu kafla 4.5 bls. 9 er fjallað um að mörkuð sé stefna um efnistökusvæði. Þar kemur eftirfarandi fram: „*Í aðalskipulagi Aðaldælahrepps er auk stefnu sem mótuð var í svæðisskipulagi mörkuð stefna um efnistökusvæði vegna nýtingar jarðhita og tengdra framkvæmda. Ákveðið var að setja inn nægt úrval svæða til að framfylgja stefnumörkun um nýtingu háhita, byggt á úttekt fyrirhugaðra framkvæmdaaðila.*“ Þessi umfjöllun samræmist ekki meginmarkmiðum aðalskipulagsins, en í kafla 4.11 Efnistökusvæði á bls. 49 kemur fram að „*meginmarkmið aðalskipulagsins sé að grjót- og malarnám fari aðeins fram á fáum skipulögðum svæðum þannig að efnispörf bygginga, vegagerðar og annarra framkvæmda sé fullnægt*“. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að á bls. 50 kemur fram að; „*Í aðalskipulagi þessu eru öll svæðin skilgreind sem efnistökusvæði þó að sum þeirra séu lokað eins og stendur*“. Að mati Umhverfisstofnunar gætir hér misræmis þar sem markmið er að halda malar- og grjótnámi á fáum efnistökustöðum en samt sem áður er ætlunin að skilgreina öll námusvæði hvort sem þau eru aflögð eða ekki. Umhverfisstofnun tekur að öðru leyti undir það markmið að í aðalskipulagi sé gert ráð fyrir að grjót- og malarnám fari aðeins fram á fáum skipulögðum svæðum og bendir á að nágilegt er að setja í aðalskipulag þau efnistökusvæði sem áformað er að nota. Í samantekt um umhverfisáhrif kemur fram að: „*Núverandi svæði fyrir fristundabyggð munu stækka en þeim fjölgar ekki, sama á við um efnistökusvæði*“. Umhverfisstofnun telur að þetta samræmist ekki heldur þeirri stefnu er fram kemur í kafla um efnistökusvæði um að stefna eigi að fáum og skipulögðum efnistökusvæðum. Í umfjöllun um frágang á fullnýttum efnistökusvæðum kemur fram að „*Lögð verði áhersla á góða umgengni og að fullnýttum svæðum verði lokað með uppgræðslu*“. Umhverfisstofnunar gerir athugasemd við þetta atriði og bendir á að ekki er alltaf viðeigandi að loka svæðum með uppgræðslu. Umhverfisstofnun bendir á 49. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999 hvað varðar frágang námusvæða og að samráð skal haft við Umhverfisstofnun um efnistöku og frágang efnistökusvæða.

Iðnaðarsvæði

Hvað varðar umfjöllun um iðnaðarsvæði kemur fram að stefnt er að virkjun á Þeistareykjum og stækkun Kröflustöðvar og að ef þessi svæði gefi næga orku til fyrirhugaðrar atvinnuuppbryggingar verði ekki gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum í Gjástykki en rannsóknum þ. m. t. rannsóknarborunum. Umhverfisstofnun bendir á fyrrí umsagnir um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýlu, en þar kemur fram að Umhverfisstofnun telur að ekki skuli farið í rannsóknarboranir í Gjástykki fyrr en sýnt er að orkunýting Þeistareykja og Kröflu dugi ekki til, enda hafi rannsóknarholur sama rask í för með sér og nýtingarholur þar sem um sams konar framkvæmd að ræða.

Orkuvinnslusvæði

Þeistareykir

Í umfjöllun um háhitasvæðin í Aðaldælahreppi og væntanlega orkuvinnslu eru í aðalskipulagstillöggunni sýnd hverfisverndarsvæði á Þeistareykjum en þau eru slitin í sundur af iðnaðarsvæðum. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ekki verði gerðir fleiri borteigar við hverfisverndaða svæðið þar sem sæluhúsið er staðsett svo náttúruminjar sem þar eru

ósnortnar fái að halda sér. Nú þegar eru fjöldi borhola inni á svæði því sem er á náttúruminjaskrá og mikilvægt að þeim verði ekki fjölgað.

Gjástykki


Í umfjöllun um möguleg áhrif rannsóknaborana á hraunið í Gjástykki sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, kemur fram að framkvæmdir munu hafa neikvæð áhrif á náttúrulegt yfirbragð svæðisins. Einnig kemur fram að til að draga úr neikvæðum áhrifum verði hverfisverndarsvæði afmarkað á hluta Leirhnjúkshrauns og yfir helstu sprungur og misgengi á Gjástyk kissvæðinu. Umhverfisstofnun telur samspil hrauna frá mismunandi tímum í Gjástykki einstakt að ekki nægi að hverfisvernda einstaka sprungur og misgengi og rjúfa þannig heildina heldur sé það landslagsheild svæðisins sem sé einstök. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að ekki verði farið í að bora rannsóknarholur í Gjástykki vegna verndargildis svæðisins enda hafi rannsóknarholur og nýtingarholur sömu framkvæmd í för með sér. Umhverfisstofnun undirstrikkar mikilvægi þess að ef farið verði inn á Gjástyk kissvæðið með rannsóknarir án þess að til orkunýtingar komi þá séu allar framkvæmdir afturkræfar.


Umhverfisáhrif á víðerni

Í kafla 5.4 *Umhverfisáhrif vegna stefnu um jarðhitavinnslu í aðalskipulagi Aðaldælahrepps*, er umfjöllun um víðerni ekki í samræmi við það sem lagt er til. Á mynd 5.3 er sýnt mannvirkjabelti vegna línulagna og fyrirhugað orkuvinnslusvæði í Gjástykki. Á mynd 5.4 er sýnd skerðing víðerna vegna orkuvinnslu á háhitavæðum í Aðaldælahreppi, þar er ekki sýnd skerðing sem verður ef orkuvinnsla verður í Gjástykki. Umhverfisstofnun telur rétt að sýna einnig hvaða áhrif það hefði á víðerni sveitarfélagsins ef að virkjað yrði í Gjástykki, þar sem skipulagstillagan gerir ráð fyrir þeim möguleika ef orka frá Þeistareykjum og Kröflu II dugar ekki.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun